

þá verður uppskeran áreiðanlega góð. En ef þið viljið ekki trúá á Jesúm og treysta náð guðs og elска guð og hlýða honum, þá er sáningin vond og þá verður uppskeran líka áreiðanlega vond.

Eitt enn. Ef þið viljið nota tímann ykkar vel, ganga í skóla og leggja alt kapp á að læra, þá er sáningin góð, og þá verður uppskeran það líka. En ef þið viljið ekki ganga í skóla, nema þegar ykkur sýnist, og viljið heldur flækjast einhversstaðar í vondum solli eða bara gera eitthvað, sem ykkur sjálfum sýnist, þá er sáningin vond. Eða ef þið viljið ekkert læra, þó þið gangið í skóla, takið ekkert eftir, eruð að gera alt annað en það, sem þið eigið að gera, eruð löt og svikul við nám ykkar, þá er sáningin vond. Uppskeran verður það þá líka.

„Eins og maðurinn sáir, eins mun hann uppskera“—stendur skrifað. Og það stendur líka skrifað: „Guð lætur ekki að sér hæða.“ Enginn breytir því lögmáli guðs. Sá, sem þykist geta fengið góða uppskeru, þó hann sái hinu vonda, er að hæðast að guði—að *heilögum lögum hans*.

---

Nú er daglegi skólinn að byrja hér og á all-flestum stöðum öðrum. Svo nú byrjið þið á ný á skólagöngu ykkar. Mun ið þá að nota þennan tíma vel, og að hafa guð með ykkur í skólanum. Þau börn, sem gera það, sýna það með hegðan sinni og iðni. Enda læra þau. Læra það líka, sem mest á ríður að læra fyrir hvern mann. Þau læra að verða góð og gagnleg.

Látið ykkur þá þykja vænt um skólagönguna ykkar. Öll börn gera það, sem færa sér hana vel í nyt. Því þau einmitt reyna blessun þá, sem hún hefur í för með sér. Hinum, sem illa fara með skólagönguna sína, verður eðlilega illa við skólan; því skólagangan gerir þeim ekkert gott, Þau geta ekki fundið til þess, að það geri þeim neitt gott, sem þau hafa ekki fært sér í nyt. Eins og búast má við vilja þau helst komast ljá því að fara í skólan. Og hafa ekkert nema ilt að segja um skólan og kennarann. Þau kenna þá öðrum um það, sem þeim sjálfum er að kenna. Skólinn er vondur og kennararnir eru vondir, af því þau sjálf eru vond.